

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, skulu gilda til 1. júlí 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Öll matjessíld og skozkverkuð síld, sem verkuð er hér á landi og í islenzkri landhelgi, skal metin og flokkuð eftir gæðum, þegar hún er fullsöltuð til útflutnings, af síldarmatsmönnum, undir umsjón síldarmatsstjóra. Hverri sendingu matjessíldar til útlanda fylgi vottorð síldarmatsmanna, og sé í vottorðinu tiltekin nákvæm tala tunna í hverri sendingu og hvaða gæða- (og stærða-) flokki síldin tilheyrir. Í vottorðinu séu einnig tilgreind merki saltenda, söltunarnúmer og matsmerki.

2. gr.

Ráðherra skipar matsstjóra og matsmenn, að fengnum tillögum matsstjóra, og setur þeim erindisbréf. Matsstjóri skal hafa sérþekkingu á öllu því, er lýtur að síldarmati. Hann skal, eftir því sem kostur er á, fylgjast vel með öllum nýjungum og

framförum í sildarverkun, kynna sér stöðugt kröfur markaðanna um verkunaraðferðir og vörugæði og aðstoða framleiðendur í því að koma fram umbótum á verkun sildar. Hann hefir yfirumsjón með framkvæmd matslaganna, sér um samræming matsins í hinum ýmsu héruðum, hefir eftirlit með matsmönnum og leiðbeinir þeim í starfi þeirra.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður laun matsstjóra og matsmanna. Skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði. Til að standast kostnað við matið skal heimilt að taka af hverri útflutningsmetinni tunnuna matsgjald, er nemi kr. 0,25. Gjald þetta skal innheimt af lögreglustjóra ásamt útflutningsgjaldi. Um kaup sildarmatsmanna, ferðakostnað, dagpeninga, vinnutíma o. fl. skal nánar ákveðið í erindisbréfi þeirra.

4. gr.

Matsstjóri og sildarmatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá saltendum eða kaupendum sildarinnar. Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að sildarsöltun, sildarverzlun eða sildarútgærd. Þeir mega ekki vera í þjónustu þeirra, er þeir meta sild fyrir, né vera þeim háðir á annan hátt. Matsstjóri og matsmenn hafa algerða þagnarskyldu um allt, er þeir verða áskynja um í starfi sínu, og mega ekki við óviðkomandi láta uppi neitt annað um ástand vörunnar en það, sem stendur í matsvottorði.

5. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd matsins, merkingu sildar og annað það, er þurfa þykir. Einnig er honum heimilt að setja reglugerð um frjálst mat á annari sild en matjessild, ef um það koma fram beiðnir frá sildarsaltendum, eða ef sildarútsvegsnefnd álitur það nauðsynlegt.

6. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út matjessild án þess að láta meta hana og fá matsvottorð um, að hún sé útflutningshæf, sæti 500—2000 kr. sekt, er renni í ríkissjóð. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt vera allt að 5000 kr. Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum fer sem um almenn lögglumál.

7. gr.

Sannist þær misfellur á matsvottorðum matsstjóra eða matsmanna, sem álíta verður, að stafi af vitaverðu gáleysi eða vanrækslu, bera þeir ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir, og má þá svipta þá stöðu þeirra fyrirvaralaust.

Um hegningu fyrir brot matsstjóra og matsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.